


Gamli steindi glugginn frá Englandi



Mynd 1: Ráðgátan bakvið steinda gluggann frá Coventry
(<https://www.bbc.co.uk/programmes/b03xk8x>)

Akureyrarkirkja er vel þekkt fyrir sína litríku, steindu glugga. Ef nánar er að gáð má sjá hvernig gluggarnir segja sögu frelsarans Jesú Krists en einnig segja þeir frá kirkjusögu Íslands.

Jakob Frímansson sem var í sóknarnefnd Akureyrarkirkju frá árunum 1939-1960, gaf kirkjunni fyrsta steinda gluggann. Jakob var staddur í Reykjavík þegar hann heyrði orðróm um fallega myndskreytta, steinda glugga sem Helgi H. Zoega hafði flutt til landsins eftir að hafa keypt þá í antíkbúð í London. Sjálfur var helgi með slíka búð í Reykjavík.

Sagt var að gluggarnir væru úr gömlu dómkirkjunni í Coventry í Englandi áður en hún var eyðilögð í seinni heimstyrjöldinni. Rétt áður en stríðið hófst árið 1939 hefðu íbúar Coventry ákveðið að fjarlægja steindu gluggana úr kirkjunni, búa vel um þá og koma þeim fyrir á öruggum stað. Fyrir valinu varð bóndabær í nágrenninu. Í stað gluggana voru ódýrir glergluggar settir í dómkirkjuna. Í nóvembermánuði árið 1940 varð Coventry fyrir árás og á sama tíma var kirkjan eyðilögð.

Sagan segir að af einhverjum ástæðum hefðu þrír af steindu gluggunum verið aðskildir frá hinum og þannig hefðu þeir endað í fornmunaverslun í London til sölu þar sem Helgi H. Zoega fann þá.¹

Jakob Frímansson velti fyrir sér hvort þessir steindu gluggar myndu henta sem altaristafla í hinni nýju Akureyrarkirkju sem þá var í byggingu undir stjórn Guðjóns Samúelssonar. Hann komst að því að einn af gluggunum var með nákvæmlega sama þvermál og gluggarnir í Akureyrarkirkju. Jakob þurfti ekki að hugsa sig tvisvar um og keypti gluggann samstundis. Hina gluggapartana keypti ónefnd kona í Reykjavík. Seinna voru fimm þeirra gefnir Áskirkju í Reykjavík. Sjálfur fór Jakob heim til Akureyrar með sinn heillagrip og gaf Akureyrarkirkju þennan gamla og verðmæta glugga frá fjarlægju landi. Glugginn var settur í kirkjuna árið 1943 en þar sem hann var ekki nógu langur, var bætt við lituðu gleri bæði fyrir ofan steindu myndina og neðan svo hann myndi passa. Seinna var komið fyrir steindum myndum einnig í stað litaða glersins fyrir ofan, sem og fyrir neðan sem pössuðu við hina upprunalegu mynd. Þessi gluggi í heild varð svo að altaristöflu


¹ Sverrir Pálsson, *Saga Akureyrarkirkju*, 1990, Akureyri: Prentverk Odds Björnssonar Hf, bls. 287-289.

Akureyrarkirkju og er það enn. Hægt er að sjá upprunalega gluggann, en það er sá gluggi sem er fyrir miðju, bak við altarið í kór kirkjunnar.

Þessi stríðssaga um hvernig steindi glerglugginn frá dómkirkjunni í Coventry endaði á Íslandi á meðan á stríði stóð, hefur fylgt kirkjunni allt frá upphafi og hefur hverri kynslóðinni á eftir annari í sunnudagaskólanum hér á Akureyri verið kennd þessi saga. Vegna þessarar sögu hefur myndast vinskapur milli Coventry og Akureyrar. Í kjölfarið gaf söfnuðurinn í Coventry Akureyrarkirkju stytta sem stendur á múrsteini úr hinni gömlu Coventry dómkirkju.²

Sagan breyttist svo árið 2014

Árið 2014 gerði BBC rannsókn á sögunni fyrir heimildamynd sem kallast *Midlands documentary, The Great Glass Mystery will reveal the tale is a myth.*



Mynd 2: Dr. Jonathan Foyle (<https://www.bbc.co.uk/programmes/b03x1k8x>)

Sagnfræðingurinn Dr. Jonathan Foyle settist niður með Canon Kenyon Wright, sem þjónaði 11 ár sem prestur við dómkirkjuna í Coventry. Dr. Foyle fékk sömu söguna frá prestinum í Coventry en ákvað að gera nánari rannsókn á henni. Niðurstaða Dr. Foyle í rannsókn sinni var sú að gluggarnir sem rötuðu til Íslands hefðu í raun ekki verið frá Coventry heldur væru úr annari kirkju einhverstaðar í London. Hann komst að því að engum þessara viktoríönsku glugga hefði verið bjargað eða stolið. Auk þess sem fréttabrot hefði sýnt að gluggarnir hefðu hreinlega eyðilagst í loftárásinni.

² Sverrir Pálsson, *Saga Akureyrarkirkju*, bls. 287-289.

Í grein sem birtist á heimasíðunni *coventrytelegraph.net* segir sóknarprestur í dómkirkjunni í Coventry, John Witcombe, í viðtali: „*Við höfum báðir verið nokkuð blektir af sögunni. Maður finnur fyrir votti af sorg þar sem maður vill að sumir hlutir séu sannir, ekki satt?*“

„*Það er nokkurt vit í þessu en þetta þýðir að við getum heilsað hvert öðru vel án nokkurs fjandskapar.*“

Séra Svavar Jónsson, sóknarprestur Akureyrarkirkju sagði í viðtali við Dr. Foyle: „*Já þetta kom mér á óvart en við munum uppfæra texta okkar og halda áfram að láta okkur þykja vænt um þennan glugga. Honum hefur ávallt fylgt ráðgáta – hvernig komst hann til Íslands? Nú verður ráðgátan mun dularfyllri.*“³

Hafdís Davíðsdóttir, BA Guðfræði

³ Georgia Arlott, *Coventry Telegraph.net*, 2014, sótt af <http://www.coventrytelegraph.net/news/coventry-cathedral-wartime-window-story-6754368>.